



Faghópur í gjörgæsluhjúkrun

Rannveig Jóna Jónsdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun

Texti: Sólvi Sveinsson | **Myndir:** Heiða Helgadóttir

Frá árinu 2020 hefur starf fagraða og faghópa hjúkrunar á sviðum Landspítala verið endurskipulagt. Í febrúar 2021 var stofnaður faghópur gjörgæsluhjúkrunar og fer Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, fyrir hópnum.



Í faghópnum eru hjúkrunarfræðingar með meistaragráðu í gjörgæsluhjúkrun og er markmið faghópsins að bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur á gjörgæsludeildum Landspítala. Starf faghópsins á að vera brú fyrir fræðilega þekkingu yfir í klínískt starf. Í gegnum tíðina hefur verið töluvert af hjúkrunarfræðingum með meistaragráðu í gjörgæsluhjúkrun á gjörgæsludeildum Landspítala og bætist nú jafnt og þétt í hópinn eftir að boðið var upp á meistaranám í gjörgæsluhjúkrun við Háskóla Íslands. Við náðum tali af Rannveigu sem sagði okkur nánar frá faghópnum.

Að sögn Rannveigar er faghópurinn byggður upp á gömlum grunni en Lovísa Baldursdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, fór fyrir álika hópi í fjölmörg ár. Markmið faghópsins er að gjörgæsluhjúkrun byggist á bestu þekkingu hverju sinni og að skapa svigrúm fyrir meistaramenntaða hjúkrunarfræðinga til að vinna að verkefnum sem nýtast í klínísku starfi. Sem dæmi má nefna að hjúkrunarfræðingar fái tíma til að vinna að verklagsreglum eða vísindarannsóknunum sem stuðlað geti að framþróun í gjörgæsluhjúkrun á Landspítala.

Hvað er gjörgæsluhjúkrun? „Gjörgæsluhjúkrun er mat, eftirlit og meðferð sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi og fjölskyldna þeirra. Eftirlit með ástandi gjörgæslusjúklinga er mjög mikilvægt í hjúkrun þeirra. Eftirlit felur í sér að sjá fyrir breytingar á ástandi sjúklinga og koma þannig í veg fyrir versnun. Jafnframt er hjúkrun fjölskyldu sjúklinga stór þáttur gjörgæsluhjúkrunarfræðinga og felst til dæmis í upplýsingagjöf, nærveru, hlustun og samtali um ástand sjúklings, meðferð og viðbrögð fjölskyldu í bráðum veikindum sjúklings,“ útskýrir Rannveig.

„Starf faghópsins á að vera brú fyrir fræðilega þekkingu yfir í klínískt starf.“

Áhersla lögð á fjölskylduhjúkrun

Rannveig segir að faghópurinn muni velja sér áhersluefni fyrir hvert starfsár og ákveðið var að leggja áherslu á fjölskylduhjúkrun á fyrsta starfsári faghópsins. Nýta á niðurstöður úr rannsóknum sem hafa verið gerðar í fjölskylduhjúkrun á deildunum. Þær niðurstöður gefa meðal annars til kynna að tilfinningalegum stuðningi við aðstandendur sé ábótavant. Rannveig segir að rannsaka þurfi hvernig hjúkrunarfræðingar geti veitt aðstandendum tilfinningalegan stuðning. Auka megi færni hjúkrunarfræðinga með ýmsum aðferðum, til dæmis með fræðslu, stuðningi frá sérhæfðum hjúkrunarfræðingum í fjölskylduhjúkrun og með herminámi. Þá má auka samstarf við aðrar fagséttir, svo sem með sálgaeslu, félagsráðgjöfum og sálfræðingum. „Markmiðið er að bæta þjónustu við fjölskyldur þeirra sem liggja á gjörgæsludeild og efla hjúkrunarfræðinga í að sinna fjölskyldum sjúklinga.“

Mikilvægt að hafa hjúkrunarfræðinga með sérfræðiþekkingu

„Gjörgæsla er flókin og margbreytileg sérgrein í meðferð sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi og fjölskyldna þeirra. Framhaldsnám í gjörgæsluhjúkrun er mikilvægt hjúkrunarfræðingum til að kynnast gagnreyndri þekkingu gjörgæsluhjúkrunar, ásamt viðfangsefnum og álitamálum í meðferð gjörgæslusjúklinga, færa rök fyrir eigin úrlausnum og geta tekið faglegar ákvarðanir og rökstutt þær,“ segir Rannveig.

Gróska í gjörgæsluhjúkrun

Haustið 2019 var sett á laggirnar meistaranám í gjörgæsluhjúkrun við Háskóla Íslands í samstarfi við Landspítala. Námið mæltist vel fyrir, en alls luku níu hjúkrunarfræðingar meistaranámi nú í vor. Rannveig segir að á næsta ári muni fjórir hjúkrunarfræðingar til viðbótar, á gjörgæsludeildum Landspítala, ljúka meistaranámi. „MS-nám í gjörgæsluhjúkrun nær yfir fjögur samfelld misseri. Í náminu eru tekin kjarnanámskeið meistaranáms í hjúkrunarfræði og sérhæfð gjörgæslunámskeið, eins og gjörgæsluhjúkrun

„Markmiðið er að bæta þjónustu við fjölskyldur þeirra sem liggja á gjörgæsludeild og efla hjúkrunarfræðinga í að sinna fjölskyldum sjúklinga.“

og lyfjafræði svæfingalyfja. Á síðustu önn námsins vinna nemendur lokaverkefni í gjörgæsluhjúkrun. Hægt er að sækja um MS-nám í gjörgæsluhjúkrun tvisvar á ári, eins og þegar sótt er um MS-nám í hjúkrunarfræði. Aðsóknin hefur verið góð og ljóst er að mikill áhugi er hjá hjúkrunarfræðingum á Íslandi að sækja sér menntun í gjörgæsluhjúkrun. Gjörgæsludeildir Landspítala í Fossvogi, á Hringbraut og nýburagjörgæslu bjóða hjúkrunarfræðingum, sem starfa á gjörgæsludeildunum, klínískt starfsnám samhliða MS-gjörgæsluhjúkrunarnámi annað hvert ár. Klínískt starfsnám hefst haustið 2021 og lýkur vorið 2023, í náminu er mikil áhersla lögð á nýtingu rannsókna,“ útskýrir Rannveig. Hún bætir

við að faghópurinn verði mikilvægur farvegur fyrir hjúkrunarfræðinga sem eru að ljúka meistaranámi þar sem þeir fá svigrúm og utanumhald til þess að efla hjúkrun á gjörgæsludeildum Landspítala.

Nýir leiðarvísar fyrir sjúklinga og aðstandendur

Rannveig segir frá metnaðarfullri útgáfu á leiðarvísi fyrir sjúklinga og aðstandendur á gjörgæsludeild sem kom út núna í júní. Leiðarvísirinn er þýðing á efni frá bresku góðgerðarsamtökunum ICUsteps ([icusteps.com](https://www.icusteps.com)) og verður boðinn aðstandendum og sjúklingum á gjörgæslu, ásamt því að birtast í íslenskri þýðingu á vefsíðu [icusteps.com](https://www.icusteps.com). Í leiðarvísinum eru upplýsingar um dvöl á gjörgæslu, og ráðgjöf og upplýsingar um meðferð og bataferli á legudeild, eftir útskrift af gjörgæsludeild, og eftir að heim er komið. Jafnframt var gefinn út bæklingur fyrir börn sem heimsækja aðstandanda á gjörgæslu en sá bæklingur er einnig ættaður frá ICUsteps.

Öflugur hópur hjúkrunarfræðinga að bætast í hóp gjörgæsluhjúkrunarfræðinga

Á vorönn 2021 útskrifuðust, eins og fyrr segir, níu hjúkrunarfræðingar með meistaraþráðu í gjörgæsluhjúkrun frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Lokaverkefni hjúkrunarfræðinganna eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að vera miðuð að þörfum sjúklinga og aðstandenda á gjörgæsludeild og tengjast því beint klínískri gjörgæsluhjúkrun. Hér til hliðar eru heiti lokaverkefnanna, ásamt nöfnum hjúkrunarfræðinganna.



Nýburagjörgæsla

*Mat á þörf á nýju verklagi við verkjamat á nýburagjörgæsludeild á Íslandi í ljósi prófunar á íslenskri þýðingu á endurskoðuðu PIPP-R Theja Lankathilaka***

*Ljósameðferð við nýburagulu í heimahúsi: Kerfisbundin fræðileg samantekt Fanný B. Miiller Jóhannsdóttir**

*Samvera foreldra og fyrirbura á nýburagjörgæslu Landspítala Birna Rut Aðalsteinsdóttir***

*Eftirlit með lífsmörkum og einkennum nýbura. Þýðing, staðfæring og forprófun á matstækinu Newborn Early Warning Trigger and Track (NEWTT) Guðrún Stefánsdóttir**

*Álag og líðan foreldra barna með meðfædda hjartasjúkdóma á nýburagjörgæslu Landspítala Elín Gróa Guðjónsdóttir***

Gjörgæsla fullorðinna og barna

*Þættir í umönnun fullorðinna sjúklinga á sjúkrahúsi sem fengið hafa skammtíma barkaraufartúbu á gjörgæsludeild: Kerfisbundin fræðileg samantekt Regina Böðvarsdóttir**

*Lífslokameðferðir á gjörgæslu. Áhrif umönnunarþátta hjúkrunar og upplifun fjölskyldu. Samþætt fræðileg samantekt Anna Halla Birgisdóttir**

*„Hvað er að hrjá mig?“ Kerfisbundin fræðileg samantekt á mati á verkjum, vökustigi, óráði og/ eða fráhrarfi barna á gjörgæsludeild og áhrif þess á útkomu barna á og eftir gjörgæsludeild Anna Harðardóttir**

*Hægðalosun og hægðalyfjameðferð gjörgæslu-sjúklinga: Lýsandi samanburðarrannsókn Aníta Aagestad***

*Verkefni aðgengilegt á skemman.is

**Aðgangur takmarkaður

